



Orkuveita
Reykjavíkur

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu
1. janúar til 30. júní 2023

Orkuveita Reykjavíkur

kt. 551298-3029
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Efnisyfirlit


Mælikvarðar og umfang þjónustu	3
Yfirlit stjórnenda	4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	5
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	7
Yfirlit um heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjáryfirlit	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12

Orkuveita Reykjavíkur leggur sérstaka áherslu á þessi
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfseminni




Mælikvarðar


Eiginfjárlutfall




Arðsemi heildareigna




Nettó skuldir / handbært fé frá rekstri



Veltufjárlutfall án álafleiðu



Þjónustan



Yfirlit stjórnenda

Rekstrarár	2023	2022	2021	2020	2019
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
<i>Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs í milljónum kr.</i>					
Rekstrartekjur	29.919	28.542	26.023	24.272	23.202
Rekstrarkostnaður	(12.281)	(10.716)	(9.146)	(9.787)	(9.571)
þ.a. orkukaup og flutningur	(3.453)	(3.505)	(2.951)	(2.824)	(2.870)
EBITDA	17.638	17.827	16.877	14.485	13.631
Afskriftir	(7.687)	(6.796)	(6.655)	(6.284)	(5.728)
Rekstrarhagnaður EBIT	9.952	11.031	10.222	8.201	7.903
Sjóðstreymi					
Innleystar vaxtatekjur	62	21	47	174	207
Greidd vaxtagjöld*	(3.553)	(2.418)	(2.383)	(2.655)	(2.726)
Handbært fé frá rekstri*	14.770	14.197	14.624	12.520	13.330
Veltufé frá rekstri	13.912	13.565	12.471	11.164	10.027
Lausafé					
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf	11.414	14.465	11.723	13.091	7.112
Handbært fé	7.837	7.650	24.256	15.097	14.912
Óádragnar lánalínur	9.100	7.709	10.027	9.000	9.900
Lausafé samtals	28.351	29.824	46.007	37.187	31.924

*Árið 2022 er leiðrétt fyrir uppgjöri vegna gjaldmiðlasamnings við Glitni (dómsmál).

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Lögbundið hlutverk OR er að stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og ljósleiðarakerfi, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig þá starfsemi aðra sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning OR og dótturfélaga.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023 nam 1.550 milljónum kr. (1.1.-30.6.2022: hagnaður að fjárhæð 4.911 milljónir kr.). Heildarafkoma samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023 var neikvæð um 908 milljónir kr. (1.1.-30.6.2022: jákvæð um 6.465 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 451.821 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2022: 450.388 milljónir kr.). Eigið fé nam 239.642 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2022: 246.050 milljónir kr.) og er eiginfjárhlutfall samstæðunnar 53,0% (31.12.2022: 54,6%).

Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru:	Eignarhluti
Reykjavíkurborg	93,539%
Akraneskaupstaður	5,528%
Borgarbyggð	0,933%

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Að álitum stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2023 ásamt rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023.

Reykjavík, 28. ágúst 2023.

Í stjórn fyrirtækisins:

Gylfi Magnússon

Vala Valtýsdóttir

Skúli Helgason

Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir

Ragnheiður Björk Halldórsdóttir

Valgarður Lyngdal Jónsson

Forstjóri:

Sævar Freyr Þráinsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023, sem hefur að geyma rekstraryfirlit og helstu kennitölur, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og forstjóri fyrirtækisins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirsurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 28. ágúst 2023.

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Davíð Arnar Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. júní 2023

	Skýr.	2023 1.4.-30.6.	2022* 1.4.-30.6.	2023 1.1.-30.6.	2022* 1.1.-30.6.
Rekstrartekjur	5	13.737.957	12.908.891	29.909.341	28.524.891
Söluhagnaður		6.942	9.019	9.591	17.324
Rekstrartekjur samtals		<u>13.744.899</u>	<u>12.917.911</u>	<u>29.918.932</u>	<u>28.542.215</u>
Orku kaup og flutningur	(1.164.099)	(1.658.155)	(3.453.383)	(3.505.151)
Laun og launatengd gjöld	(2.819.587)	(2.119.264)	(5.138.011)	(4.111.589)
Annar rekstrarkostnaður	(1.907.144)	(1.569.544)	(3.689.475)	(3.098.913)
Rekstrarkostnaður samtals	(<u>5.890.830)</u>	<u>(5.346.964)</u>	<u>(12.280.869)</u>	<u>(10.715.653)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		<u>7.854.069</u>	<u>7.570.947</u>	<u>17.638.063</u>	<u>17.826.562</u>
Afskriftir	(3.857.727)	(3.493.502)	(7.686.505)	(6.795.524)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		<u>3.996.343</u>	<u>4.077.445</u>	<u>9.951.558</u>	<u>11.031.037</u>
Vaxtatekjur		111.785	22.065	196.347	67.175
Vaxtagjöld	(3.927.904)	(3.637.788)	(8.229.123)	(6.561.920)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	(2.163.866)	(5.094.177)	(785.234)	1.589.007
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	8	<u>(5.979.984)</u>	<u>(8.709.900)</u>	<u>(8.818.010)</u>	<u>(4.905.737)</u>
Áhrif hlutdeildarfélaganna	(6.821)	(5.047)	(170)	(5.047)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(<u>1.990.462)</u>	<u>(4.637.502)</u>	<u>1.133.378</u>	<u>6.120.254</u>
Tekjuskattur		1.195.185	2.797.936	416.208	(1.209.708)
(Tap) hagnaður tímabilsins		<u>(795.278)</u>	<u>(1.839.566)</u>	<u>1.549.586</u>	<u>4.910.546</u>
Skipting (taps) hagnaðar					
Eigendur fyrirtækisins	(795.236)	(1.839.566)	1.549.603	4.910.546
Minnihluti í dótturfélögum	(42)	0	(17)	0
		<u>(795.278)</u>	<u>(1.839.566)</u>	<u>1.549.586</u>	<u>4.910.546</u>

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 3.
Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2023

	2023 1.4.-30.6.	2022* 1.4.-30.6.	2023 1.1.-30.6.	2022* 1.1.-30.6.
(Tap) hagnaður tímabilsins	(795.278)	(1.839.566)	1.549.586	4.910.546
Önnur heildarafkoma				
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning				
Þýðingarmunur	270.323	2.647.208	(2.457.298)	1.554.821
Önnur heildarafkoma eftir skatta	270.323	2.647.208	(2.457.298)	1.554.821
Heildarafkoma	<u>(524.955)</u>	<u>807.643</u>	<u>(907.712)</u>	<u>6.465.367</u>

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 3.
Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2023

	Skýr.	30.6.2023	31.12.2022*
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		405.220.047	406.760.917
Óefnislegar eignir		3.178.864	3.106.779
Leigueign		2.233.005	2.180.951
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum		81.093	81.264
Eignarhlutar í öðrum félögum		55.680	55.680
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		0	1.448.798
Áhættuvarnarsamningar		287.343	78.545
Tekjuskatteign		4.991.281	3.759.231
Fastafjármunir samtals		<u>416.047.312</u>	<u>417.472.164</u>
Birgðir		1.776.405	1.881.036
Verk í vinnslu		729.962	416.817
Viðskiptakröfur	9	6.291.657	5.877.993
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		0	110.312
Eignarhlutur til sölu	12	5.632.000	5.632.000
Áhættuvarnarsamningar		643.351	346.984
Aðrar skammtímakröfur		1.029.134	692.873
Fyrirframgreiddur kostnaður		420.323	236.167
Markaðsverðbréf		11.413.954	11.070.605
Handbært fé		7.836.834	6.650.749
Veltufjármunir samtals		<u>35.773.620</u>	<u>32.915.536</u>
Eignir samtals		<u>451.820.932</u>	<u>450.387.700</u>
Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna		118.762.185	121.092.491
Bundinn hlutdeildarreikningur		78.462.049	74.657.104
Bundið eigið fé vegna þróunar		125.513	111.277
Gangvirðisreikningur		5.232.000	5.232.000
Þýðingarmunur		9.086.280	11.543.578
Óráðstafað eigið fé		27.974.093	33.413.364
Eigið fé móðurfyrirtækis		<u>239.642.119</u>	<u>246.049.815</u>
Hlutdeild minnihluta		314	337
Eigið fé samtals		<u>239.642.434</u>	<u>246.050.152</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir		155.431.307	151.000.804
Leiguskuld		2.109.032	2.076.354
Lífeyrisskuldbinding		726.968	668.460
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		286.842	0
Áhættuvarnarsamningar		0	40.275
Tekjuskattsskuldbinding		20.778.921	21.042.540
Langtímaskuldir samtals		<u>179.333.070</u>	<u>174.828.434</u>
Viðskiptaskuldir		3.043.605	3.673.238
Vaxtaberandi skuldir		20.291.019	19.805.390
Leiguskuld		190.717	190.640
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum		793.869	0
Áhættuvarnarsamningar		1.210	150.384
Fyrirframinnheimtar tekjur	9	2.890.490	596.681
Tekjuskattur til greiðslu		982.090	1.464.093
Aðrar skammtímaskuldir		4.652.427	3.628.688
Skammtímaskuldir samtals		<u>32.845.428</u>	<u>29.509.114</u>
Skuldir samtals		<u>212.178.498</u>	<u>204.337.548</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>451.820.932</u>	<u>450.387.700</u>

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 3.

Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. júní 2023

	Endurmats- reikningur rekstrarfjárm.	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Bundið eigið fé v. þróunar	Gangvirðis- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé meirihluta- eigenda	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
1.1.-30.6. 2023									
Eigið fé 1. janúar 2023	121.092.491	74.657.104	111.277	5.232.000	11.543.578	33.413.364	246.049.815	337	246.050.152
Þýðingarmunur					(2.457.298)		(2.457.298)		(2.457.298)
Hagnaður tímabilsins						1.549.603	1.549.603	(17)	1.549.586
Heildarafkoma	0	0	0	0	(2.457.298)	1.549.603	(907.695)	(17)	(907.712)
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(2.330.307)					2.330.307	0		0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarf. umfram mótttekinn arð		3.804.945				(3.804.945)	0		0
Aðrar breytingar								(6)	(6)
Bundið eigið fé vegna þróunar			14.236			(14.236)	0		0
Greiddur arður						(5.500.000)	(5.500.000)		(5.500.000)
Eigið fé 30. júní 2023	118.762.185	78.462.049	125.513	5.232.000	9.086.280	27.974.093	239.642.119	314	239.642.434
1.1.-30.6. 2022*									
Eigið fé 1. janúar 2022	101.733.552	66.451.877	123.873	5.695.000	6.307.814	33.340.963	213.653.079	0	213.653.079
Þýðingarmunur					1.554.821		1.554.821		1.554.821
Hagnaður tímabilsins						4.910.546	4.910.546	0	4.910.546
Heildarafkoma	0	0	0	0	1.554.821	4.910.546	6.465.367	0	6.465.367
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(1.952.767)					1.952.767	0		0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarf. umfram mótttekinn arð		4.241.377				(4.241.377)	0		0
Bundið eigið fé vegna þróunar			2.001			(2.001)	0		0
Eigið fé 30. júní 2022	99.780.785	70.693.254	125.874	5.695.000	7.862.635	35.960.897	220.118.445	0	220.118.445

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 3.
Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. júní 2023

	2023 1.1.-30.6.	2022* 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	1.549.586	4.910.546
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	8.818.010	4.905.737
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	170	5.047
Tekjuskattur	(416.208)	1.209.708
Afskriftir	7.686.505	6.795.524
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	(9.591)	(17.324)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	58.508	44.600
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	17.686.980	17.853.838
Birgðir, lækkun (hækkun)	104.632	(606.969)
Verk í vinnslu, hækkun	(325.039)	0
Skammtímakröfur, hækkun	(725.168)	(175.340)
Skammtímaskuldir, hækkun	1.659.169	1.620.361
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	18.400.573	18.691.890
Innborgaðar vaxtatekjur	61.519	20.760
Greidd vaxtagjöld	(3.552.800)	(2.417.923)
Greiddir vextir vegna uppgjörs gjaldmiðlasamninga (dómsmál)	0	(2.578.937)
Móttækinn arður	191.155	163.856
Greiddslur vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda	222.868	(1.322.978)
Greiddir skattar	(553.519)	(938.964)
Handbært fé frá rekstri	14.769.795	11.617.703
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(9.805.444)	(9.902.825)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(353.756)	(344.385)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	69.194	33.477
Breyting á markaðsverðbréfum	(61.011)	(350.823)
Fjárfestingarhreyfingar	(10.151.017)	(10.564.557)
Fjármögnunarhreyfingar		
Tekin ný langtímalán	15.291.638	3.602.003
Afborganir langtímaskulda	(13.083.627)	(7.254.973)
Greiddur arður	(5.500.000)	0
Afborganir leiguskulda	(78.194)	(50.151)
Fjármögnunarhreyfingar	(3.370.183)	(3.703.121)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	1.248.595	(2.649.974)
Handbært fé í ársbyrjun	6.650.749	10.319.874
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(62.511)	(19.480)
Handbært fé í lok tímabilsins	7.836.833	7.650.420
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(134.665)	568.420
Skammtímaskuldir, breyting	134.665	(568.420)
Aðrar upplýsingar		
Veltufé frá rekstri**	13.911.664	13.564.551

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 3.

** Samanburðarfjárhæðum breytt vegna endurflokkunar á gangvirkisbreytingum áhættuvarnarsamninga

Skýringar á bls. 12-23 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyriktæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. OR er með höfuðstöðvar á Íslandi að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur OR geymir árshlutareikning móðurfyriktækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum. Samstæðuárshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur er hluti af samstæðuárshlutareikningi Reykjavíkurborgar.

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum dótturfélög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og ljósleiðara á þjónustuvæði sínu.

Dótturfélög í samstæðunni	Meginstarfsemi	Starfrækslu- gjaldmiðill	Eignarhluti	
			30.6.2023	31.12.2022
Ljósleiðarinn ehf.	Gagnaflutningar	ISK	100%	100%
OR Eignir ehf.	Eignarhaldsfélag	ISK	100%	100%
Veitur ehf.	Uppbygging og rekstur veitukerfa	ISK	100%	100%
Orka náttúrunnar ehf.	Vinnsla og sala rafmagns	ISK	100%	100%
ON Power ehf.	Vinnsla og sala rafmagns	USD	100%	100%
OR - vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi	ISK	100%	100%
Eignarhaldsfélagið Carbfix ehf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun	ISK	99,9%	99,9%
Carbfix hf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun	EUR	100%	100%
Coda Terminal hf.	Uppbygging og rekstur á móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð.	EUR	100%	100%

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, *árshlutareikningsskil*. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2022. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2022. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu á vef þess www.or.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins 28. ágúst 2023.

b. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill OR. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

c. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 38 með ársreikningi 2022.

d. Erlendir gjaldmiðlar

i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

Skýringar

2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.

d. Erlendir gjaldmiðlar frh.

ii) Dótturfélag með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu

Eignir og skuldir starfsemi félaga samstæðunnar sem hafa bandarískan dollar (USD) og Evru (EUR) sem starfrækslugjaldmiðil eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessara starfsemi eru umreiknuð í ISK á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er seld, að hluta til eða að öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Leiðrétting á samanburðartölum

Við útreikning á tímabilsleiðréttingu í dreifingu og flutningi rafmagns kom í ljós skekkja í útreikningi. Skekkjan nær til árána 2020-2022. Í samræmi við IAS 8 hefur samanburðartölum vegna ársins 2022 því verið breytt. Leiðréttingar vegna fyrri tímabila eru sýndar sem leiðréttingar á eigin fé í samanburðartölum.

Yfirlit um heildarafkomu (samandregið)	2022		2022
	1.1.-30.6.	Leiðrétting	1.1.-30.6. Leiðrétt
Rekstrartekjur.....	28.604.172 (79.281)	28.524.891
Rekstrarhagnaður (EBIT).....	11.110.319 (79.281)	11.031.037
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	6.199.535 (79.281)	6.120.254
Tekjuskattur.....	(1.225.564)	15.856 (1.209.708)
Hagnaður tímabilsins.....	4.973.971 (63.425)	4.910.546
Heildarafkoma.....	6.528.791 (63.425)	6.465.367
			31.12.2022
Efnahagsreikningur (samandreginn)	31.12.2022	Leiðrétting	Leiðrétt
Viðskiptakröfur.....	6.360.401 (482.408)	5.877.993
Veltufjármunir samtals.....	33.397.944 (482.408)	32.915.536
Eignir samtals.....	450.870.108 (482.408)	450.387.700
Óráðstafað eigið fé.....	33.799.290 (385.926)	33.413.364
Eigið fé samtals.....	246.436.078 (385.926)	246.050.152
Tekjuskattsskuldbinding.....	21.047.364 (4.824)	21.042.540
Langtímaskuldir samtals.....	174.833.258 (4.824)	174.828.434
Tekjuskattur til greiðslu.....	1.490.981 (26.888)	1.464.093
Aðrar skammtímaskuldir.....	3.693.458 (64.769)	3.628.688
Skammtímaskuldir samtals.....	29.600.771 (91.657)	29.509.114
Skuldir og skuldbindingar samtals.....	204.434.030 (96.482)	204.337.548
Eigið fé og skuldir samtals.....	450.870.108 (482.408)	450.387.700

Skýringar

4. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga

Eftirfarandi eru upplýsingar um starfsemi samstæðufélaga. Sundurliðun tekna eftir afurðum er að finna í skýringu nr. 5 og tekjur eftir starfspáttum í skýringu nr. 6.

Vörur og þjónusta

Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar

a. Sala á rafmagni

ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu og sölu á rafmagni og Veitur ohf. dreifa rafmagni skv. gjaldskrá. Tekjur af sölu og dreifingu á raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi raforku og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á rafmagni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning.

b. Sala á heitu vatni

Veitur ohf., ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu á heitu vatni og Veitur ohf. annast dreifingu á heitu vatni. Tekjur af sölu og dreifingu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi hitaveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á heitu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning.

c. Sala á köldu vatni

OR Vatns- og fráveita sf. annast öflun og dreifingu á köldu vatni. Tekjur af sölu á köldu vatni taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár félagsins er 0,5% af fasteignamati. Að auki eru tekjur færðar samkvæmt mældri notkun á köldu vatni hjá tiltekinni atvinnustarfssemi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi vatnsveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á köldu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.

Skýringar

4. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga, frh.

Vörur og þjónusta

Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar

d. Fráveita

OR - vatns- og fráveita sf. annast rekstur fráveitu. Tekjur fráveitu taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár er 0,5% af fasteignamati. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi fráveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna fráveitu hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.

e. Aðrar tekjur

Ljósleiðarinn ehf. sér um rekstur ljósleiðarakerfis. Tekjur af ljósleiðarakerfi eru færðar við afhendingu á vöru og þjónustu. Um er að ræða samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Fjarskiptastofu. Orkuveita Reykjavíkur sér um leigu á húsnæði og búnaði, tilfallandi sölu á sérfræðiþjónustu og fleiru. Tekjur Carbfix félaganna eru vegna ráðgjafar, uppbyggingar og rekstrar á förgunarstöðum. Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Aðrar tekjur eru færðar við afhendingu á vöru eða þjónustu. Viðskiptakröfur vegna annarra tekna og leigutekna hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest.

5. Tekjur af vöru- og þjónustusölu

Tekjur samstæðunnar af sölu á vörum og þjónustu sundurliðast þannig:

	2023	2022
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rafmagn.....	12.131.509	12.394.221
Heitt vatn.....	9.265.098	8.144.636
Kalt vatn.....	1.824.171	1.784.717
Fráveita.....	3.293.635	3.212.362
Aðrar tekjur.....	3.394.928	2.988.954
Tekjur af vöru- og þjónustusölu samtals.....	29.909.341	28.524.891

Skýringar

6. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit eru birtar eftir innri upplýsingagjöf OR. Starfspáttayfirlit sem eru birtir eru *Veitur*, sem samanstanda af veitrekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, *Orkusala og framleiðsla* vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu og sölu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins, *Ljósleiðarans og Carbfix félaganna*. Móðurfyrirtækið sér um þjónustu við dótturfélög, leigu húsnæðis og búnaðar, tilfallandi sölu sérfræðipjónustu og fleira. Ljósleiðarinn sér um rekstur ljósleiðarakerfis og Carbfix félagin vinna að þróun og útbreiðslu Carbfix kolefnisbindingaraðferðarinnar með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftlagsbreytingum. Við gerð starfspáttayfirlits er notast við sömu reikningssskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringu 38 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2022.

Rekstrarstarfspáttayfirlit - svið

1.1.-30.6. 2023

	Veitur	Orkusala og framleiðsla	Önnur starfsemi	Jöfnunar-færslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	19.074.764	8.599.387	2.244.781	0		29.918.932
Tekjur innan samstæðu	2.449.986	3.792.557	5.621.553	(11.864.096)	(0)
Tekjur starfspáttayfirlits	21.524.750	12.391.944	7.866.334	(11.864.096)		29.918.932
Rekstrargjöld starfspáttayfirlits	(11.696.608)	(5.883.460)	(6.651.291)	11.819.883	130.607	(12.280.869)
Rekstrarhagnaður starfspáttayfirlits, EBITDA	9.828.142	6.508.484	1.215.043	(44.214)	130.607	17.638.063
Afskriftir	(3.481.187)	(2.857.320)	(1.300.195)	30.735	(78.537)	(7.686.505)
Afkoma starfspáttayfirlits, EBIT	6.346.955	3.651.164	(85.152)	(13.478)	52.070	9.951.558
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(4.509.132)	(727.716)	(923.032)	(2.625.358)	(32.772)	(8.818.010)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	0	0	(170)	0	(170)
Tekjuskattur	(242.836)	(588.777)	318.327	936.751	(7.256)	416.208
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.594.986	2.334.670	(690.027)	(1.702.085)	12.042	1.549.586

1.1.-30.6. 2022

Tekjur frá þriðja aðila	17.144.277	9.485.635	1.912.302	0		28.542.215
Tekjur innan samstæðu	2.217.945	2.983.449	4.576.419	(9.777.813)		0
Tekjur starfspáttayfirlits	19.362.223	12.469.084	6.488.721	(9.777.813)		28.542.215
Rekstrargjöld starfspáttayfirlits	(9.733.483)	(5.497.167)	(5.339.626)	9.738.574	116.048	(10.715.653)
Rekstrarhagnaður starfspáttayfirlits, EBITDA	9.628.740	6.971.917	1.149.095	(39.239)	116.048	17.826.562
Afskriftir	(3.088.351)	(2.541.334)	(1.126.545)	27.217	(66.511)	(6.795.524)
Afkoma starfspáttayfirlits, EBIT	6.540.389	4.430.584	22.550	(12.022)	49.537	11.031.037
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(4.482.260)	(1.325.813)	1.367.431	(434.401)	(30.695)	(4.905.737)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	0	0	(5.047)	0	(5.047)
Tekjuskattur	(243.495)	(608.604)	519.000	168.476	(7.085)	(1.209.708)
Hagnaður tímabilsins	1.814.634	2.496.168	865.934	(277.947)	11.757	4.910.546

* Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfspáttayfirlits taka ekki mið af reglum IFRS 16.

Skýringar

6. Starfspáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfspáttir - svið, frh.

	Veitur	Orkusala og framleiðsla	Önnur starfsemi	Jöfnunarfærslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
Efnahagur (30.6.2023)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	215.143.719	144.708.002	48.808.429	(261.239)		408.398.911
Leigueignir					2.233.005	2.233.005
Aðrar eignir	24.716.299	10.733.575	200.158.110	(194.418.968)		41.189.016
						<u>451.820.932</u>
Vaxtaberandi skuldir	78.406.801	57.035.393	176.622.326	(136.342.194)		175.722.326
Leiguskuldir					2.299.749	2.299.749
Aðrar skuldir	18.929.885	11.687.556	60.964.050	(57.425.068)		34.156.423
						<u>212.178.498</u>
Fjárfestingar (1.1.-30.6.2023)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	5.816.218	1.655.219	3.807.373	(984.944)		10.293.865
Efnahagur (31.12.2022)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	212.808.689	149.985.284	47.073.723	0		409.867.696
Leigueignir					2.180.951	2.180.951
Aðrar eignir	22.699.185	11.637.831	189.044.494	(185.042.458)		38.339.053
						<u>450.387.700</u>
Vaxtaberandi skuldir	75.471.782	59.629.752	170.806.194	(135.101.533)		170.806.194
Leiguskuldir					2.266.994	2.266.994
Aðrar skuldir	16.837.580	11.334.039	53.926.153	(50.833.411)		31.264.360
						<u>204.337.548</u>
Fjárfestingar (1.1.-30.6.2022)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	5.159.398	1.641.540	2.877.805	0		9.678.744

* Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfspáttá taka ekki mið af reglum IFRS 16.

Skýringar

7. Laun og launatengd gjöld

	2023	2022
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	4.693.656	3.860.962
Mótframlag í lífeyrissjóði	584.009	497.370
Breyting lífeyrisskuldbindingar	79.464	61.362
Önnur launatengd gjöld	391.428	333.364
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>5.748.556</u>	<u>4.753.058</u>
Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í árshlutareikninginn:		
Gjaldfært í rekstrarreikningi	5.138.011	4.111.589
Eignfært á framkvæmdir	610.546	641.469
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>5.748.556</u>	<u>4.753.058</u>
Starfsmannafjöldi:		
Fjöldi ársverka	616,9	572,7
Starfskjör stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra móðurfyrirtækis og dótturfélaga greinast þannig:		
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð stjórnar móðurfyrirtækis	12.771	10.811
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð forstjóra móðurfyrirtækis	20.017	18.232
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð framkvæmdastjóra móðurfyrirtækis*	54.451	53.664
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð stjórnar dótturfélaga**	9.863	6.974
Laun og mótframlag í lífeyrissjóð fjögurra framkvæmdastjóra dótturfélaga	79.799	67.935
Starfslokagreiðslur	66.587	33.899
	<u>243.487</u>	<u>191.515</u>

*Fjórir framkvæmdastjórar til 28.2. 2023 en þrír frá og með 1.3. 2023

**Fjórar stjórnir 1.1.-30.6. 2022 en fimm stjórnir 1.1.-30.6. 2023

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2023	2022
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur	196.347	67.175
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur	(3.261.988)	(2.153.682)
Áfallnar verðbætur	(4.735.284)	(4.161.567)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(231.851)	(246.671)
Vaxtagjöld samtals	(8.229.123)	(6.561.920)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	(2.639.820)	(448.074)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur	282.338	(543.446)
Gangvirðisbreyting áhættuvarnarsamninga	694.614	1.777.499
Uppgjör áhættuvarnarsamninga	219.968	(1.315.763)
Gengismunur	412.842	1.908.719
Arðstekjur	244.825	210.072
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals	(785.234)	1.589.007
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(8.818.010)</u>	<u>(4.905.737)</u>

Skýringar

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, frh.

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til eigenda OR vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar OR árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,81% (2022: 0,82%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,65% (2022: 0,63%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 232 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023 (1.1.-30.6.2022: 247 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 38 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2022. Gangvirðisbreyting sem færð er til gjalda í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 1.663 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023 (1.1.-30.6.2022: tekjufærsla að fjárhæð 786 milljónir kr.). Gangvirðisbreytingar sem tilheyra fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru á stigi 3 er gjaldfærsla að fjárhæð 2.640 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023 (1.1.-30.6.2022: gjaldfærsla að fjárhæð 448 milljónir kr.).

9. Viðskiptakröfur og fyrirfram innheimtar tekjur

Staða viðskiptakrafna og staða fyrirfram innheimtra tekna breytist talsvert milli tímabila þar sem smásala er innheimt með jöfnum greiðslum en raunnotkun sveiflast talsvert á milli tímabila. Einnig eru vatns- og fráveitugjöld reikningsfærð á fyrstu níu mánuðum ársins en þeim tekjum er dreift jafnt á allt árið. Skráning tekna fer eftir notkun og afhendingu þjónustunnar í samræmi við reikningskilareglur.

Skýringar

10. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á uppgjörssdegi er jafnt og gangvirði þeirra, fyrir utan vaxtaberandi skuldir sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	30.6.2023		31.12.2022	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	175.722.326	185.602.926	170.806.194	177.796.952

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörssdegi. Gangvirði vaxtaberandi skulda er flokkað sem stig 2.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörssdegi þegar vænt sjóðstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	30.6.2023	31.12.2022
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	11,08% til 13,00%	11,11% til 12,44%
Áhættuvarnarsamningar	-1,26% til 5,9%	4,3% til 5,4%
Vaxtaberandi skuldir	0,49% til 14,04%	0,49% til 12,72%

Næmnigreiningar á áhrif breytinga á vaxtastigi, gengi gjaldmiðla og álverði eru sýndar í skýringu 27 með ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2022. Bent er á að hafa þessa skýringu til hliðsjónar við lestur árshlutareikningsins þar sem breyting á þessum forsendum hefur talsverð áhrif á ýmsar stærðir í reikningsskilum samstæðunnar.

Stig gangvirðis

Taflan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í reikningsskilin, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleiðd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru byggðar á gögnum sem ekki er unnt að öllu leyti að afla á markaði. Verðmat á eignarhlutum í félögum er unnið af starfsmönnum OR og ytri sérfræðingum og byggir á afkomu og opinberum gögnum um framtíðartekjur og framtíðarfjárfestingar undirliggjandi eigna.

30.6.2023	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	0	5.687.680	5.687.680
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0	(1.080.711)	(1.080.711)
Áhættuvarnarsamningar	0	929.484	0	929.484
Markaðsverðbréf	11.413.954	0	0	11.413.954
	11.413.954	929.484	4.606.969	16.950.407

31.12.2022	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	0	5.687.680	5.687.680
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0	1.559.109	1.559.109
Áhættuvarnarsamningar	0	234.870	0	234.870
Markaðsverðbréf	11.070.605	0	0	11.070.605
	11.070.605	234.870	7.246.789	18.552.264

Skýringar

11. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félag undir stjórn borgarinnar, hlutdeildarfélag, stjórnarfolk og lykilstjórnendur samstæðunnar eru skilgreind sem tengdir aðilar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Framangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við samstæðuna á tímabilinu.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðskipti við tengda aðila á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023, ásamt yfirliti um kröfur og skuldir samstæðunnar við þessa aðila í lok tímabilsins. Viðskiptum og stöðum milli félaga innan samstæðunnar er eytt út í samstæðuárshlutareikningnum og því ekki tilgreind. Upplýsingarnar ná ekki til sölu samstæðunnar á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila.

	2023	2022
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Sala til tengdra aðila á tímabilinu var eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	1.031.950	1.119.285
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	401.485	383.247
	<u>1.433.435</u>	<u>1.502.532</u>
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á tímabilinu voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	38.317	30.921
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	31.431	21.679
Hlutdeildarfélag	53.952	49.067
Stjórnarmenn og lykilstjórnendur	37.977	35.381
	<u>161.677</u>	<u>137.048</u>
	30.6.2023	31.12.2022
Kröfur á hendur tengdum aðilum í lok tímabilsins voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	94.296	464.740
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	57.682	38.505
	<u>151.978</u>	<u>503.245</u>
Skuldir við tengda aðila í lok tímabilsins voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	131.499	238.416
Stofnanir og félag undir stjórn Reykjavíkurborgar	816	975
	<u>132.315</u>	<u>239.391</u>
	2023	2022
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Ábyrgðargjald greitt til eigenda á tímabilinu:		
Reykjavíkurborg	215.805	229.534
Akraneskaupstaður	14.906	15.855
Borgarbyggð	1.140	1.283
	<u>231.851</u>	<u>246.671</u>

Ábyrgðargjald greitt til eigenda í ofangreindu yfirliti er fært meðal vaxtagjalda í rekstrarreikningi. Sjá umfjöllun um ábyrgðargjaldið í skýringu 8.

Skýringar

12. Önnur mál

Kaup á stofnneti Sýnar

Þann 2. desember 2022 skrifuðu Ljósleiðarinn ehf. og Sýn hf. undir 3 milljarða kr. kaupsamning Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar og 12 ára þjónustusamning á milli fyrirtækjanna. Gengið hefur verið frá fjármögnun, en fyrirvari er í samningunum um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Kaupin teljast samruni í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005 sem tilkynna þarf til Samkeppniseftirlitsins. Rannsókn á samrunanum stendur nú yfir og er stött í fasa 2 hjá Samkeppniseftirlitinu. Frestur Samkeppniseftirlitsins vegna fasa 2 rennur út 31. ágúst 2023, en búist er við að niðurstaða liggi fyrir á þriðja ársfjórðungi 2023.

Raforkusamningi við Norðurál vísað til alþjóðlegs gerðardóms

Á árinu 2022 var hafið formlegt ferli af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur (OR), þar sem ágreiningi um forsendur raforkusölusamnings við Norðurál, sem ON Power sér um framkvæmd á, var vísað til alþjóðlegs gerðardóms. Málið lýtur að kröfu OR um endurskoðun á samningum, þar sem jafnvægi milli hagsmuna samningsaðila hafi raskast vegna atvika og forsendna sem OR hefur ekki forræði á. Í þessum fasa málsins, mun niðurstaða gerðardómsins aðeins snúa að því hvort að jafnvægi milli samningsaðila hafi raskast vegna ófyrirsjáanlegra atvika svo eðlilegt sé að taka upp viðræður um breytingar á samningum, en ekki taka afstöðu til mögulegra fjárhæða.

Sala á eignarhlut í Landsneti

Undanfarin misseri hefur verið stefnt að sölu eignarhlutar Orkuveitu Reykjavíkur í Landsneti, þar sem í raforkulögum er kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Í árslok 2020 samþykkti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að viljayfirlýsing um breytingu á eignarhaldi Landsnets yrði undirrituð og að ganga til viðræðna um sölu eignarhlutarins. Í kjölfarið hófust viðræður við fulltrúa fjármálaráðuneytisins um málið. Ráðuneytið samdi í lok árs 2022 við félög í eigu ríkisins um kaup á hlut þeirra í Landsneti, en ráðuneytið vildi klára þá samninga áður en gengið væri frá kaupum þess á hlut OR. Bókfært verð eignahlutarins er metið á 5,6 milljarða kr. 30.06.2023 og er fært á meðal veltufjármuna, sjá nánar skýringu 16. með ársreikningi 2022. Stefnt er að því að gengið verði frá sölu á hlut Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2023.

Viðgerð á höfuðstöðvum

Í lok ágúst 2015 komu í ljós alvarlegar rakaskemmdir á húsnæði OR að Bæjarhálsi 1. Aðgerðir stjórnenda OR hafa frá upphafi miðast að því að skapa fólki viðunandi vinnuástöðu og hafa helstu sérfræðingar verið hafðir með í ráðum við helstu ákvarðanir. Þá hefur verið reynt að leita skynsamlegustu leiða til að ráða bót á skemmdum og einnig að grafast fyrir um orsakir þeirra. Árið 2017 var húsinu lokað og starfsemin færð annað. Ákveðið var að fara í ítarlega valkostagreiningu og skoða þá möguleika sem voru í stöðunni. Niðurstaðan var að fjarlægja gallaða útveggi hússins, rétta það af og endurbyggja veggina. OR hefur gert verksamning um endurbætur á húsnæðinu við Ístak. Framkvæmdir hófust í maí 2021 og er lokið. Nú er unnið að nákvæmri hreinsun hússins til að tryggja að leifar gamalla rakaskemmda séu fjarlægðar áður en vinna hefst við endurinnréttun. Verkefni um endurbyggingu útveggja var samþykkt af stjórn OR þann 16. desember 2019. Forsenda samþykktar var kostnaðaráætlun verkefnis sem var 2.050 milljónir kr. (nafnverð samþykktar í desember 2019). Bókfærður heildarkostnaður verkefnis er nú um 2.023 milljónir kr. Innifalið í bókfærðum kostnaði verkefnis eru allar framkvæmdir, hönnun, eftirlit, byggingastjórnun, verkefnastjórnun, framkvæmdir utan verksamnings við Ístak, færsla á stjórnstöðvum, verðbætur til verktaka og ráðgjafa og fleira sem viðkemur verkefni. Undirbúningur nauðsynlegra endurbóta innanhúss í vesturhúsi er hafinn og stefnt er að því að útboðsferli verkframkvæmdar hefjist í ágúst 2023 og framkvæmdir hefjist haustið 2023. Einnig er unnið að undirbúningi framkvæmda í hvolfrymi. Stefnt er að því að hefja framkvæmdir í hvolfrymi haustið 2023.

Skýringar

12. Önnur mál, frh.

Vatnstjón hjá Vatns- og fráveitu

Orkuveita Reykjavíkur - vatns- og fráveita stóð fyrir framkvæmdum við Suðurgötu sem m.a. fólust í endurnýjun á lögnum. Aðfaranótt 21. janúar 2021 fór stofnlögn vatns í sundur með þeim afleiðingum að vatn flæddi inn í byggingar Háskóla Íslands. Tjónþoli fékk dómkvadda matsmenn til að meta umfang tjónsins og skiluðu þeir matsskýrslu til tjónþola í janúar 2022. Í því undirmati var kostnaður vegna endurbóta metinn samtals 123,6 milljónir króna. Þann 4. mars 2022 lagði tjónþoli inn beiðni hjá Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem óskað var eftir að dómkvaddir yrðu matsmenn til að framkvæma yfirmat. Með bréfi, dagsettu 16. maí 2022 gerði tjónþoli skaðabótakröfu á Veitur ohf., VÍS og fleiri aðila um óskipta ábyrgð á greiðslu á tæplega 224 milljónum króna auk vaxta og dráttarvaxta. Kröfunni var hafnað með sameiginlegu bréfi VÍS og Veitna ohf., dagsettu 27. maí 2022. OR- vatns- og fráveita er með frjálsa ábyrgðatryggingu sem tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á félagið. Skilmálar þeirrar tryggingar mæla fyrir um 5 milljóna króna sjálfsábyrgð og 50% af fjárhæð tjóns eftir það. Þak tryggingarinnar er 300 milljónir króna.

Krafa vegna ofgreidds raforkueftirlitsgjalds

Á grundvelli þess að ekki hafi verið fullgild lagaheimild fyrir innheimtu raforkueftirlitsgjalds, sem er skattur, innheimtur á grundvelli laga nr. 146/1996, hafa Veitur ohf., Orka náttúrunnar ohf. og ON Power ohf. krafist endurgreiðslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á hinum ofgreiddu gjöldum, samtals að fjárhæð 280 milljónir króna. Með dómi Landsréttar frá 25. mars 2022 í málinu 744/2020 var innheimta gjaldsins dæmd ólöglegt og því er endurgreiðsla vænst. Krafa hefur ekki verið færð í árshlutareikning félagsins 30.06.2023

Málaferli og kröfur

Síminn hf. höfðaði dómsmál á hendur Fjarskiptastofu, Ljósleiðaranum ehf., Sýn hf. og Mílu ehf. vegna ákvörðunar Fjarskiptastofu frá 3. júlí 2018 um lögprot Símans. Dómur héraðsdóms var kveðinn upp þann 1. júlí 2020, þar sem ákvörðun Fjarskiptastofu var staðfest, þó með nokkrum breytingum á forsendum. Málinu var áfrýjað til Landsréttar af Símanum hf., Fjarskiptastofu og Sýn hf. sem staðfesti efnislega niðurstöðu Fjarskiptastofu. Síminn óskaði eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar og var áfrýjunarleyfið samþykkt af Hæstarétti og hófst málsmeðferð fyrir Hæstarétti 3. maí 2023 sem vísaði málinu aftur til héraðs og ómerkti þar með fyrri dóma. Niðurstaða liggur því ekki fyrir við útgáfu árshlutareiknings.

Ekkert hefur verið fært vegna þessarar kröfu í árshlutareikning félagsins 30.06.2023.